



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

---

**Efni:** *Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um óafgreidd mál Flokks fólksins frá síðasta kjörtímabili*

*Þann 10. ágúst 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um óafgreidd mál Flokks fólksins frá síðasta kjörtímabili:*

*Fyrirspurn í framhaldi á svari við óskum um upplýsingar um óafgreidd mál Flokks fólksins. Segir að málin hafi verið 130. Spurt er hvað það voru margar tillögur og hvað margar fyrirspurnir. Óskað er eftir að vita hvaða tillögur það eru frá 2020 sem vísað var til áframhaldandi meðferðar eins og fram kemur í svari og hvenær er að vænta afgreiðslu á þeim?*

**Svar:**

Kjörtímabilið 2018-2022 voru lagðar fram 57 tillögur og 76 fyrirspurnir af hálfu fulltrúa Flokks fólksins sem komu til meðferðar velferðarsviðs og velferðarráðs.

Eftirfarandi tillögum var vísað til áframhaldandi meðferðar innan stjórnkerfisins: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um sjúkráþjálfun og heimahjúkrun; tillaga fulltrúa Flokks fólksins um matseðil, framleiðslu matar og næringargildi; tillaga fulltrúa Flokks fólksins um verkferla aðstoðar við böðun eldri borgara og tillaga fulltrúa Flokks fólksins um átak í að kynna tilkynningarhnapp ætlaðan börnum í Reykjavík.

Gerð er nánari grein fyrir afdrifum ofangreindra fjögurra tillagna í meðfylgjandi minnisblaði.

Fylgiskjal:

Minnisblað um afdrif fjögurra tillagna fulltrúa Flokks fólksins frá síðasta kjörtímabili, dags. 14. september 2022.